

31. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 24.2.2025

Fundartími: 16:30 – 18:30

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Linda Hrönn Bakkmann Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

1. Dagskrárliður: Álit Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskýrslu Coda Terminal

Lögð fram til kynningar skýrsla Skipulagsstofnunar þar sem lagt er fram álit stofnunnar á umhverfismatsskýrslu Coda Terminal, móttöku og geymslustöð fyrir koldíoxíð nr. 619/2024.

Heilbrigðisnefnd veiti umsögn dags. 2.júlí 2024.

Heilbrigðisnefnd tekur undir mikilvægi þess að vöktunaráætlun verði efld eins og fram kemur í niðurstöðu Skipulagsstofnunar, enda er það í samræmi við umsögn Heilbrigðisnefndar um skýrsluna.

2. Dagskrárliður: Blikastaðaland, 1. áfangi - forkynning deiliskipulags

Lögð fram forkynning deiliskipulags fyrir Blikastaðaland, 1. áfanga ásamt drögum að umhverfismati fyrir svæðið. Meginmarkmið skipulagsins er að leggja grunn að öflugu og eftirsóknarverðu hverfiseð styrkir nærumhverfið og bætur lífsgæði þeirra sem sækja svæðið, þar starfa eða búa. Þar á að rísa blönduð þétt byggð sem styður við samfélagsheild, með áherslu á samspil náttúru og byggðar, virkt umhverfi, gæði almenningsrýma, stíga, dvalar- og íverusvæða.

Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á mikilvægi þess að fráveitumál séu í góðum farvegi. Blágrænar ofanvatnslausnir þar sem ofanvatn frá hverfinu mun að mestu vera leitt í Úlfarsá og því mikilvægt að komið verði í veg fyrir að mengandi efni berist í ofanvatnið. Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á að í blandaðri byggð er mikilvægt að gera ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnæðis með hliðsjón af mengun s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar. Jafnframt vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á að þörf er á fullkomin ni loftgæðastöð til mælingar á loftgæðum í Mosfellsbæ.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

3. Dagskrárliður: Vetrarmýri og Smalaholt, Garðabæ, tillaga á vinnslustigi

Lögð fram deiliskipulagstillaga á vinnslustigi fyrir Vetrarmýri og Smalaholt. Tillagan fjallar um golfvöll í Vetrarmýri, íþróttæfingarsvæði við Miðgarð, útivistarskóg í Smalaholti og náttúrugarð við Vífilsstaðavatn. Einnig fjallar skipulagið um umferðarmál á svæðinu og fest er lega framlengds Vífilsstaðavegar, Flóttamannavegar og Elliðavatnsvegar í breyttri legu.

SKL
HAB
B.I.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir, en vekur athygli á nokkrum atriðum. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að Elliðaavatnsvegur og Flóttamannavegur verði færðir og endurhannaðir með tilliti til öryggisástæðna, en einnig fjær Vífilstaðavatni. Heilbrigðiseftirlitið fagnar þeim fyrirætlunum, en heilbrigðiseftirlitið hefur áður gert athugasemd við aukna umferð um Flóttamannaveg og mikilvægi þess að tryggð skuli viðunandi hljóðvist við útivistarsvæði eins og í Vífilstaðahrauni og við Vífilstaðavatn. Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á því að blágrænar ofanvatnslausnir eru hugsaðar til að hreinsa ofanvatn og halda því sem mest í náttúrulegri hringrás. Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á skiltamálum og að hönnun fljóðljósa fyrir knattspyrnuvelli sé með þeim hætti að ekki verði ljósmengun af þeirra völdum á nærliggjandi íbúðasvæði.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

4. Dagskrárliður: Kársnes, þróunarsvæði aðalskipulags - vinnslutillaga

Lögð fram tillaga skipulagssvið Kópavogsbæjar um breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 sem er á vinnslustigi vegna rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði á vestanverðu Kársnesi. Alls er skipulagssvæðið um 57,2 ha og er svæðið skilgreint sem samgöngumiðað þróunarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Viðfangsefni tillögunnar snýr einkum að áframhaldandi þróun svæðisins með sérstaka áherslu á gæði byggðar, góðar samgöngutengingar m.a. fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og almenningssými.

Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að hugað verði að ofanvatnslausnum og komið fyrir blágrænum ofanvatnslausnum þar sem regnvatni er veitt um græna geira á yfirborði í stað þess að leiða það beint í regnvatnslagnir undir yfirborði. Þá er vakin athygli á menguðum jarðvegi sem er hugsanlega á skipulagssvæðinu og mikilvægt að skýr ákvæði séu um meðferð hans. Að lokum er vakin athygli á mikilvægi þess að gera ráð fyrir að atvinnustarfsemi í bland við íbúðir þá þurfi að gera ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnæðis með hliðsjón af ónæði s.s. vegna lyktar og hljóðmengunar.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

5. Dagskrárliður: Matvælaöryggi í leik- og grunnskólum

Í framhaldi af alvarlegum matarsýkingum í leikskóla í Reykjavík hafa vaknað spurningar um matvælaöryggi í skólum og hvort farið er nákvæmlega eftir leiðbeiningum og handbókum um matvæli í mötuneytum leik- og grunnskóla.

Heilbrigðiseftirlitið mun leggja sérstaka áherslu á fræðslu og upplýsingagjöf til starfsmanna leik- og grunnskóla í eftirliti og eins verður haft samband við skólaskrifstofur sveitarfélaganna og starfsmenn þeirra upplýstir um ábyrgð og skyldur sem gilda um rekstur matvælafyrirtækja eins og mötuneyta í skólum.

Heilbrigðisnefnd tekur undir áherslur heilbrigðiseftirlitsins og hvetur sveitarfélögin til að huga vel að þessum þáttum í rekstri leik- og grunnskóla í þeirra sveitarfélagi.

6. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 29. janúar 2025

Lögð fram til kynningar, fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlits dags. 29. janúar sl.

7. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 5. febrúar 2025

Lögð fram til kynningar, fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlits dags. 5. febrúar sl.

SKL
JH
HTBP
B.I

8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 12. febrúar 2025

Lögð fram til kynningar, fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlits dags. 12. febrúar sl.

9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 19. febrúar 2025

Lögð fram til kynningar, fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlits dags. 19. febrúar sl.

Undirskrift fundargerðar



Syanur Karl Grjetarsson formaður



Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður



Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður



Bjarni Ingimarsson aðalmaður



Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður

43. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 29.1.2025

Boðaðir:

Fundartími: 09:00 – 10:00

Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir

Fundarstjóri:

Ritari:

Hörður Þorsteinsson

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Ásgarður Garðabæ - veitingaverslun - tóbaksleyfi
2. Bæjarlind 4 Kópavogi - fótaaðgerðastofa - starfsleyfi
3. Auðbrekka 14 Kópavogi - bifreiðasprautun - skráningarskylt
4. Dalsmári 5 Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn
5. Austurströnd 1 Seltjarnarnesi - heilsurækt - starfsleyfi
6. Strandgata 32 Hafnarfirði - hársnyrtistofa - skráning
7. Boðabing 20 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi
8. Vinastræti 14 Garðabæ - kaffihús/vínbar - starfsleyfi
9. Bæjarlind 1-3 Kópavogi - ísbúð - starfsleyfi

1. Ásgarður Garðabæ - veitingaverslun - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Maríu Rúnar Hafliðadóttur f.h. Aktu Taktu ehf., kt. 681015-3610 að Ásgarði Garðabæ, þar sem sótt er um endurnýjun á tóbaksleyfi.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.01.2025

Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

2. Bæjarlind 4 Kópavogi - fótaaðgerðastofa - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Bjarnhildar Helgu Ragnarsdóttur kt. 021291-2779 dags. 17.01.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fótaaðgerðastofu að Bæjarlind 4 Kópavogi. Fasteignanr. F2234246. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 29.01.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3. Auðbrekka 14 Kópavogi - bifreiðasprautun - skráningarskylt

Lögð fram umsókn Ólafs Þórs Ingimundarsonar f.h. Bílamálun Varmi ehf., kt. 531006-1940 dags. 20.01.2025 þar sem sótt er um skráningu fyrir bílamálun að Auðbrekku 14 Kópavogi. Fasteignanr. F2058796. Endurnýjun.


Eftirlitsskýrsla dags. 23.01.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt

4. Dalsmári 5 Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.01.2025 þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Körfuknattleiksdeild U.M.F.G. Grindavík kt. 550591-1039 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir þorablót þann 08.02.2025 frá 18:30 - 09.02.2025 kl. 01:00. í íþróttahúsinu Smáranum Dalsmára 5 Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi 1104 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.



5. Austurströnd 1, Seltjarnarnesi - heilsurækt - starfsleyfi

L12341 UMI ehf - L12341

Lögð fram umsókn Mariönnu Pálsdóttur f.h. UMI ehf., kt. 430621-0170 dags. 14.01.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir heilsurækt að Austurströnd 1 Seltjarnarnesi. Fasteignanr. 2066830. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 27.1.2025. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 27.01.2025. Jákvætt svar dags. 28.01.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. Strandgata 32, Hafnarfirði - hársnyrtistofa - skráning

Lögð fram umsókn Póreyjar Erlu Gísladóttur kt. 101167-3489 f.h. Klippey ehf. dags. 10.12.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir hársnyrtistofu að Strandgötu 32, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2273994. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 27.01.2025. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 08.01.2025. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 09.01.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

7. Boðabíng 20, Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Þórs Hinrikssonar f.h. Vínvagninn ehf., kt. 691024-0240 dags. 18.12.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili að Boðabíngi 20 Kópavogi. Dreifing frá vöruhótelinu Gorilla. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.01.2025

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

8. Vinastræti 14 Garðabæ - kaffihús/vínbar - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Óttars Makuch f.h. Dæinn ehf., kt. 490221-0420 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir kaffihúsi/vínbar að Vinastræti 14 Garðabæ. Fasteignanr. F2503028.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.01.2025

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

9. Bæjarlind 1-3 Kópavogi - ísbúð - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Kötlu Guðjónsdóttur f.h. Ísbúð Vesturbæjar., kt. 520602-2750 dags. 13.12.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir ísbúð að Bæjarlind 1-3 Kópavogi. Fasteignanr. F223-3055. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.1.2025

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

44. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 5.2.2025

Boðaðir:

Fundartími: 09:00 – 10:00

Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkhartur F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir; Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir

Fundarstjóri:

Hörður Þorsteinsson

Ritari:

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Skemmuvegur 26 , bleik gata, Kópavogi - sprautuverkstæði - skráningarskyldur atvinnurekstur
2. Strandgata 90 Hafnarfirði - Ægir 220 ehf - tækifærisleyfi - umsögn
3. Háholt 14 Mosfellsbær - efnalaug - skráning
4. Bæjarhraun 24 Hafnarfirði - Húðflúrstofa - starfsleyfi
5. Linnettsstígur 1 Hafnarfirði - gistiheimili - starfsleyfi
6. Melabraut 28, Hafnarfirði - Bifreiðaverkstæði - skráning

1. Skemmuvegur 26 , bleik gata, Kópavogi - sprautuverkstæði - skráningarskyldur atvinnurekstur

Lögð er fram umsókn Gunnars K. Pálssonar f.h. A&M ehf., kt. 651124-0420 dags. 04.02.2025 þar sem sótt er um skráningu fyrir réttinga- og sprautuverkstæði að Skemmuvegi 26, bleik gata, Kópavogi. Fasteignarnúmer: F115881. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 06.01.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

2. Strandgata 90 Hafnarfirði - Ægir 220 ehf - tækifærisleyfi - umsögn

Lögð fram umsögn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðisins f.h. Ægir 220 ehf., kt. 670723-0890 dags. 29.01.2025 þar sem sótt er um tækifærisleyfi vegna Superbowl 2025 þann 09.02.2025 kl. 18:00 til 10.02.25 kl. 03:00 að Strandgötu 90 Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 80 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3. Háholt 14 Mosfellsbær - efnalaug - skráning

Lögð fram umsókn Dóru Pétursdóttur f.h. Efnalaug Mosfellsbæjar, kt. 530189-1719 dags. 31.01.2025 þar sem sótt er um skráningu fyrir efnalaug að Háholti 14 Mosfellsbæ.

Eftirlitsskýrsla dags.30.01.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

4. Bæjarhraun 24 Hafnarfirði - Húðflúrstofa - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Glódísar Töru Fannarsdóttur f.h. 220 tattoo & Piercing ehf., kt. 431224-1350 dags. 17.01.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir húðflúr og götun að Bæjarhrauni 24 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2354483. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 04.02.2025. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 20.01.2025. Jákvætt svar 20.01.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. Linnetsstígur 1 Hafnarfirði - gistiheimili - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Arons Freys Eiríkssonar f.h. AA 0306 ehf., kt. 630321-1580 dags. 21.11.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gistiheimili að Linnetsstíg 1 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2077503 og F2077504. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 5.2.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. Melabraut 28, Hafnarfirði - Bifreiðaverkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Mariusz Jachim f.h. Ice Car Iceland ehf., kt.580518-0360 þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Melabraut 28, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2238679,F2245634,F2277051. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags.06.11.2024.Bréf sent byggingafulltrúa dags. 31.7.2024. Jákvætt svar dags. 20.08.2024.

Með vísan til ákvæða hollustu- og mengunarvarnareglugerða er skráningin staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

45. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 12.2.2025

Boðaðir:

Fundartími: 09:00 – 10:00

Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkhartur F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinsson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir; Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir; Karitas Róbertsdóttir

Fundarstjóri:

Hörður Þorsteinsson

Ritari:

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Völuteigur 21D Mosfellsbær - vinnsla málma - skráning
2. Kaupún 3 Garðabæ - tóbaksleyfi
3. Bæjarlind 4 Kópavogi - snyrtistofa með húðrof - starfsleyfi
4. Þverholt 3, Mosfellsbær - Fótaaðgerðarstofa Mosfellsbæjar ehf.
5. Urriðaholtsstræti 32 Garðabæ - dreifing matvæla - starfsleyfi
6. Suðurgata 18 Hafnarfirði - gistiheimili - starfsleyfi
7. Suðurgata 18 Hafnarfirði - gistileyfi - umsögn
8. Trönuhraun 8, Hafnarfirði - innflutningur á áfengi og vörugeymsla - starfsleyfi
9. Hvaleyrarbraut 20, Hafnarfirði - steinsmiðja
10. Linnetsstígur 1 Hafnarfjörður - AA 0306 - rekstrarleyfi umsögn
11. Reykjavíkurvegur 68 í Hafnarfirði - þvottahúsið faghreinsun ehf.

1. Völuteigur 21D Mosfellsbær - vinnsla málma - skráning

Lögð fram umsókn Kötlu Hönnu Steed f.h. Landsblikk ehf., kt. 690119-0130 dags. 31.01.2025 þar sem sótt er um skráningu fyrir blikksmiðju að Völuteig 21D Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2279898. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 10.02.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

2. Kaupún 3 Garðabæ - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn James Francis McGlone f.h. Costco Wholesale kt. 700614-0690 dags. 05.02.2025 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir matvöruverslun að Kaupúni 3 Garðabæ. Eftirlitsskýrsla dags. 12.02.2025.

Samþykkt með tilvísun til laga um tóbaksvarnir.

3. Bæjarlind 4 Kópavogi - snyrtistofa með húðrof - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigrúnar Lindar Sigurðardóttur f.h. Heilsa og fegurð kt. 690125-0210 dags. 31.01.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Bæjarlind 4 Kópavogi. Fasteignanr. F2234246. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 10.2.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08.2026

Handwritten signatures and initials:
SKU
B/

4. Þverholt 3, Mosfellsbæ - Fótaðgerðarstofa Mosfellsbæjar ehf.

Lögð fram umsókn Önnu Vilborgar Sölmundardóttur kt.120373-4399, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fótaðgerðarstofu í Þverholti 3, Mosfellsbæ, fnr.F2293233.

Eftirlitsskýrsla dags.11.02.2025

Með vísan í hollustuháttareglugerð er starfsleyfið samþykkt til 12 ára.

5. Urriðaholtsstræti 32 Garðabæ - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Eyglóar Mery f.h. Hyped ehf., kt. 670824-3730, dags. 28.01.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili að Urriðaholtsstræti 32 Garðabæ, fasteignanr. F2297084. Dreifing frá Gorilla vöruhús. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.02.2025.

Með vísun til matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

6. Suðurgata 18 Hafnarfirði - gistiheimili - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Cristina Gutierrez f.h. Merville ehf., /Hostel Fjordur kt. 580924-1070 dags. 28.10.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gistiheimili að Suðurgötu 18 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079699. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags.22.01.2025.Bréf sent byggingafulltrúa dags. 29.10.2024. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 30.10.2024 þar sem lokaúttekt hefur ekki farið fram. Ítrekað svar 11.12.2024. Jákvætt svar dags.11.02.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

7. Suðurgata 18 Hafnarfirði - gistileyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Merville ehf., kt 580924-1070 þar sem sótt er um leyfi til reksturs Gististaðar í Flokki III - D, í Hostel Fjordur Suðurgötu 18 Hafnarfirði.

Eftirlitsskýrsla dags.22.01.2025.

Jákvæð umsögn staðfest.

8. Trönuhraun 8, Hafnarfirði - innflutningur á áfengi og vörugeymsla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Valda Sakalauskaite dags.10.07.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi til innflutnings á áfengi frá Litháen og geyma á lager fyrirtækisins að Trönuhrauni 8, Hafnarfirði, fasteignanr. F2080278. Ný starfsemi. (Eru með netverslun með bílavarahluti o.þ.h.)

Eftirlitsskýrsla dags.11.02.2025.Bréf sent byggingafulltrúa dags. 03.02.2025. Jákvætt svar byggingafulltrúa 08.02.2025.

Með vísan til matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

9. Hvaleyrarbraut 20, Hafnarfirði - steinsmiðja

Lögð fram umsókn Péturs Daníelssonar f.h. Steinprýði ehf., kt. 7003170990, dags. 26.07.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir steinsmiðju (Framleiðsla fyrst og fremst á borðplötum úr náttúrusteini) að Hvaleyrarbraut 20, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2076223, húshluti 030101. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.08.2023. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 02.08.2023. Ítrekun dags.11.10.2023.

Með vísan til hollustu- og mengunarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til eins árs á meðan unnið er að staðfestingu byggingafulltrúa.

hthb SKH
31

10. Linnetsstígur 1 Hafnarfjörður - AA 0306 - rekstrarleyfi umsögn

Lögð fram umsagnarbeiðni sýslumannsins á höfuðborgarsvæðisins um umsókn Arons Freys Eiríkssonar f.h. AA 0306 ehf. kennitala: 6303211580, dags. 5.2.2025, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gististaðir í Flokkur II – G Íbúðir að Linnetsstíg 1 Hafnarfjörður. Fasteignanr. F2077503 rými 010201. Hámarksfjöldi gesta: 5

Eftirlitsskýrsla dagsett 06.02.2025. Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa dagsett 5.2.2025.

Jákvæð umsögn staðfest.

11. Reykjavíkurvegur 68 í Hafnarfirði - þvottahúsið faghreinsun ehf.

Lögð fram umsókn Kristjáns Gunnlaugssonar kt.041049-4729, dags 10.02.25, þar sem sótt er um skráningu fyrir alhliða þvottahúsi og efnalaug að Reykjavíkurvegi 68 í Hafnarfirði. Fasteignanúmer F010301.

Eftirlitsskýrsla dags. 3. febrúar 2025.

Með vísan til ákvæða mengunarvarnarreglugerða er skráning samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08.2026

SKK
HABD JU B.1
[Signature]

46. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 19.2.2025

Boðaðir:

Fundartími: 09:00 – 10 00

Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir; Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir; Karitas Róbertsdóttir

Fundarstjóri:

Hörður Þorsteinsson

Ritari:

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Brekkugata 13, Hafnarfirði - Gistileyfi - B-13
2. Helluhraun 6, Hafnarfirði - Sandblástur - starfsleyfi
3. Skemmuvegur 18, Kópavogi - Hemill ehf. bifreiðaverkstæði - skráning
4. Suðurströnd 8. Íþróttahúsið Seltjarnarnesi - tækifærisleyfi umsögn
5. Kastalagerði 7, Kópavogi - Ás styrktarfélag - búsetuþjónusta
6. Flugumýri 16B Mosfellsbæ - bifreiða- og vélaverkstæði - skráning
7. Suðurgata 18 - Hostel Fjörður - rekstrarleyfi umsögn
8. Setberg Hafnarfirði - golfvöllur - starfsleyfi
9. Hamraborg 1 Kópavogi - snyrtistofa með húðrof - starfsleyfi
10. Smáratorg 1, Kópavogur - matsölustaður veitingastcfa - starfsleyfi
11. Bæjarlind 1-3 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

1. Brekkugata 13, Hafnarfirði - Gistileyfi - B-13

Lögð fram umsókn Eyglóar Gunnarsdóttur kt.200252-3229, dags. 13.02.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gistingu að Brekkugötu 13 í Hafnarfirði. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 26.8.2024

Með vísan til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfið samþykkt til 4 ára.

2. Helluhraun 6, Hafnarfirði - Sandblástur - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Magnúsar Yngvasonar f.h. Mögnun ehf., kt. 601010-0700 dags. 10.02.2025 þar sem sótt er um starfsleyfis fyrir sandblástursfyrirtæki. Fasteignanr. F2075368. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags.12.12.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3. Skemmuvegur 18, Kópavogi - Hemill ehf. bifreiðaverkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Daníels Rafns Guðmundssonar f.h. Hemill ehf., kt. 640904-3720 dags. 12.02.2025 þar sem sótt er um starfsleyfis fyrir almennt bifreiðaverkstæði að Skemmuvegi 18. blá gata í Kópavogi, fasteignanr.F2064889. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.2.2025

Með vísan til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er skráningin samþykkt.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "B.1" and "B.1" with a checkmark.

4. Suðurströnd 8. Íþróttahúsið Seltjarnarnesi - tækifærisleyfi umsögn

Lagt fram bréf sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu 12.2.2025 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Verzlunarskóla Íslands um tækifærisleyfi vegna árshátíðar nemenda þann 20.2.2025 kl. 22:00 - 21.2.2025 02:00.

Eftirlitsskýrsla dags. 1.11.2024

Jákvæð umsögn staðfest.

5. Kastalagerði 7, Kópavogi - Ás styrktarfélag - búsetuþjónusta

Lögð fram umsókn Hrefnu Sigurðardóttur f.h. Ás styrktarfélag kt. 630269-0759 dags. 10.02.2025 þar sem sótt er um starfsleyfis fyrir sólarhrings búsetuþjónustu að Kastalagerði 7, Kópavogi. Fasteignanúmer F2063203. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 14.02.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfið samþykkt til 4 ára.

6. Flugumýri 16B Mosfellsbæ - bifreiða- og vélaverkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Hlökkvers Baldurssonar f.h. Bíljöfur ehf., kt. 430492-2099 dags. 28.01.2025 þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða og vélaverkstæði að Flugumýri 16A Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2083413. Breyting á húsnæði

Eftirlitsskýrsla dags. 30.01.2025. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 29.01.2025, jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 18.02.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

7. Suðurgata 18 - Hostel Fjörður - rekstrarleyfi umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.02.2025 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Merville ehf., kt. 580924-1070, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í Flokkur II – D Gistiskáli í fl.II. Hostel Fjörður, Suðurgata 18 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079699 0001. Hámarksfjöldi gesta 40.

Eftirlitsskýrsla dagsett 22.1.2025.

Jákvæð umsögn staðfest.

8. Setberg Hafnarfirði - golfvöllur - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Péturs Einarssonar f.h. Golfklúbburinn Setberg kt. 630295-2549 dags. 03.12.2024 þar se sótt er um starfsleyfi fyrir rekstri golfklúbbs og golfvallar að Setbergi Hafnarfirði.

Eftirlitsskýrsla dags. 13.02.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

9. Hamraborg 1 Kópavogi - snyrtistofa með húðrof - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Önnu Dagbjartar Gunnarsdóttur f.h. SkinPro ehf., kt. 451124-0130 dags. 05.11.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir húðmeðferðarstofu að Hamraborg 1 Kópavogi fasteignanr. F2061189. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 5.12.2024. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 25.11.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

10. Smáratorg 1, Kópavogur - matsölustaður veitingastofa - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigurður Elí Bergsteinssonar f.h. Vefjan Veitingar ehf. kt. 630523-2300, dags. 19.07.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Smáratorgi 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2237876, húshluti: inni í center v/ hlið Rikka Chan. Ný starfsemi.

Umsókn hafnað, þar sem gögn hafa ekki borist.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SKW", "B.L", and others.

11. Bæjarlind 1-3 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð er fram umsókn Óskars Jónssonar f.h. Kjútis ehf., kt. 510221-0870 dags. 01.07.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Bæjarlind 1-3 Kópavogi. Fasteignanr. F223-5222. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 10.01.2025.

Með vísun til ákvæða matvælaeglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08.2026

LHBp SKW
JA B.I.
[Signature]